



FRÉTTABRÉF GRÓTTU

Áfram Gróttu

Í þessu blaði:

- Stöngin út, seinni hlutinn eftir
- Íþróttamaður Gróttu og íþróttamaður æskunnar
- Hvað er framundan?
- Myndir úr starfinu

Mánaðarlegt fréttabréf

Framvegis mun Íþróttafélagið Gróttu gefa út mánaðarlegt fréttabréf, í kringum mánaðarmót. Tilgangurinn er að auka upplýsingaflæði um starfsemi íþróttafélagsins og koma á framfæri þeim viðburðum sem framundan eru.

Það er von okkar að Gróttufólk og Seltirningar allir taki þessari nýjung frá félaginu vel. Myndir í blaðinu eru teknar af Eyjólfí Garðarssyni, ljósmyndara.

Stöngin út, seinni hlutinn eftir

Fyrir hönd handknattleiksdeildar Gróttu óska ég Gróttufólki og öllum Seltirningum gleðilegs árs og þakka stuðninginn á síðasta ári.

Það hefur gengið á ýmsu hjá meistaraflokkum okkar í handbolta í vetur. Staða liðanna okkar er ekki sú sem við eigum að venjast, en við ætlum ekki að gefast upp og munum koma sterk tilbaka þegar keppni byrjar aftur á þessu ári.

Tímabilið fram að áramótum hefur verið svolítið „stöngin út“ því margir leikir okkar hafa tapast með minnsta mun. Við trúum því að nú muni lukkan ganga í lið með okkur og gengi okkar liða verði annað og betra.

Í vikunni var dregið í Coca-Cola bikarkeppni HSÍ, en í fyrra spiluðu bæði kvenna- og karlalið okkar til úrslita í keppninni í fyrsta sinn í sögu félagsins. Andstæðingar okkar verða Selfoss í kvennaflokki og Afturelding í karlaflokki. Vinnist þessir leikir verða lið okkar aftur með í „Final four“ helginni í Laugardalshöllinni 23.-25. febrúar næskomandi.

Við skorum á alla Seltirninga að mæta í Hertz höllina þegar keppnin fer aftur af stað og styðja okkar fólk, því stuðningur ykkar er gríðarlega mikilvægur liðunum okkar.

Mig langar í lokin að minna alla á að árlegt Þorrablót Gróttu verður haldið laugardaginn 28. janúar. Síðurstu ár hafa færri komist að en vilja og því gott að vera snemma á ferðinni með miðapantanir.

Sjáumst í Hertz höllinni—Áfram Gróttu

Bjarni Torfi Álfþórsson,

Formaður handknattleiksdeildar Gróttu





Fanney Hauksdóttir íþróttamaður Gróttu

Kraftlyftingakonan Fanney Hauksdóttir var valin íþróttamaður Gróttu við hátíðlega athöfn milli jóla og nýárs. Við sama tilefni var handboltakonan Anna Katrín Stefánsdóttir útnefnd íþróttamaður æskunnar.



Báðir þessir íþróttamenn áttu frábært ár. Fanney bætti Íslands- og Norðurlandamet á HM í bekkpressu með búnaði. Hún varð einnig heimsmeistari í klassískri bekkpressu.

Anna Katrín var, þrátt fyrir ungan aldur, í stóru hlutverki í meistaraflokksliði Gróttu sem varð Íslandsmeistari í handbolta annað árið í röð. Hún lék einnig burðarhlutverk með U-19 ára landsliði kvenna allt árið.

Við sama tilefni fengu nokkrir aðilar starfsmerki félagsins fyrir öflugt starf í þágu Gróttu. Mynd af þeim má sjá hér að neðan.



Hvað er framundan?

Lau 14. jan — Haukar-Gróttu kl. 18.00 — Olís deild kvenna
Sun 15. jan — Hello-kitty mót fimleikadeildar — Hertz höllin
Sun 15. jan — Víkingur Ó-Gróttu kl. 14.00 — Faxaflóamót kvenna
Fös 20. jan — Gróttu-Haukar kl. 18.00 — Fótbolti.net mót karla
Lau 21. jan — Gróttu-Fram kl. 13.30 — Olís deild kvenna
Sun 22. jan — Gróttu-Selfoss kl. 14.00 — Faxaflóamót kvenna
Þri 24. jan — HK-Gróttu kl. 18.10 — Fótbolti.net mót karla (Kórinn)
Fös 27. jan — Augnablik-Gróttu kl. 20.50 — Faxaflóamót kvenna (Fífan)
Lau 28. jan — Fylkir-Gróttu kl. 16.00 — Olís deild kvenna